

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 933 (30.1.2020) - Þróunarvinna fyrir Menningarhúsið Berg

Málsnúmer : 201911072
Málsaðili : Menningarfélagið Berg ses
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 30.01.2020

Inngangur : Gísli Bjarnason sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs kom á fundinn kl. 13:31.

Á 319. fundi sveitarstjórnar þann 19. desember 2019 var samþykkt samhljóða að skipa Gísla Bjarnason, sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og Ellu Völu Ármannsdóttur, formann menningarráðs, í vinnuhóp um þróunarvinnu fyrir Menningarhúsið Berg. Stjórn Menningarfélagsins skipi tvo aðila í vinnuhópinn. Áætlað var að vinnuhópurinn skili af sér hugmyndum fyrir lok janúar 2020.

Gísli kynnti starf vinnuhópsins og niðurstöður.

Nú liggur fyrir tillaga frá vinnuhópnum um að forstöðumaður safna Dalvíkurbyggðar taki að sér framkvæmdastjórn Menningarhússins Bergs. Um sé að ræða þróunarverkefni sem lokið verði fyrir árslok 2020. Á því tímabili verði störf í söfnum sveitarfélagsins endurskoðuð sem og þeir samningar sem í gildi eru á milli Menningarfélagsins Bergs ses og Dalvíkurbyggðar.

Með fundarboði fylgdu drög að samkomulagi á milli Dalvíkurbyggðar og Menningarfélagsins Bergs ses. um framkvæmdastjóra og rekstur Menningarhússins Berg byggð á ofangreindri tillögu sem taki gildi frá 1. febrúar 2020.

Gísli vék af fundi kl. 13:47.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum samning Dalvíkurbyggðar við Menningarfélagið Berg ses og felur sviðsstjóra að ganga frá samningnum.

Byggðaráð ítrekar að um þróunarverkefni til eins árs er að ræða.

Byggðaráð felur sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs að koma með viðauka á næsta fund byggðaráðs vegna áhrifa samningsins á fjárhagsáætlun 2020.